

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**  
Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

277. tbl - 6. árg.

10. nóvember 2006

 **SPARISJÓÐUR**  
Ólafsvíkur

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Síldveiðar



Mikil andstaða er á Snæfellsnesi við undanþágu sem sjávarútvegsráðherra hefur veitt vegna síldveiða í flottoll innan við 12 mílur. Fyrir

skömmu samþykkti Smábátafélagið Snæfell ályktun þar sem þessu var mótmælt og á síðasta bæjarstjórnarfundum var samþykkt tillaga í bæjar-

stjórn Snæfellsbæjar þar sem flottrollsveiðunum er mótmælt.

Á miðvikudag boðaði Útvegsmanafélag Snæfellsness svo til fundar vegna málsins á Hótel Ólafsvík. Miklar umræður urðu á fundinum og snörp skoðanaskipti. Í lok fundar var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Fundur haldinn í Útvegsmanafélagi Snæfellsness 8. nóvember telur að veiðar íslenskra síldarveiðiskipa með flottroll samrýmist illa þeim hugmyndum sem uppi eru um hagkvæmar og sjálfbærar veiðar. Fundurinn telur þær brot á þeim reglum sem settar hafa verið um veiðar í ís-

lenskri landhelgi.

Útgerðarmenn við Breiðafjörð hafa verið forgöngumenn þeirra sem vilja ganga vel um okkar verðmætustu auðlindir. Sjálfir hafa útgerðarmenn lagt til að Breiðafirði væri lokað fyrir flestum veiðum í áratug. Því skorar fundurinn á sjávarútvegsráðherra að draga undanþágu um veiðar með flottrolli innan 12 sjómílna til baka, þannig að sómi sé að umgengni um auðlindir hafsins“

Í gær voru a.m.k. 6 síldarskip að veiðum í Breiðafirði og voru sum þeirra skammt undan landi í vinnslu afla þegar þessi mynd var tekin undir Ólafsvíkurenni.

## Styttist í framkvæmdir



Vegfarendur við Rif hafa eflaust tekið eftir miklum malarhaugum á væntanlegu byggingarstæði Vatnsátöppunarverksmiðju. Þarna er verið að gera sigrannsóknir svo að betur megi áætla hve mikið efni þarf undir bygg-

inguna.

Gert er ráð fyrir að í næstu viku verði hafist handa við uppsetningu vinnubúða á vegum Ístaks en þeir áætla að setja upp 10 hús sem verða samtals um 300 fm. að stærð.

  
**FASTEIGNASALA**  
SNÆFELLSNESS

HÚS TIL SÖLU

**Skólabraut 10**



72,6 fm. timburhús byggt árið 1889. Húsið er tvær hæðir og stendur á steiptum kjallara. Hæð skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi og stofu. Á efri hæð eru þrjú herbergi og í kjallara er geymsla. Húsið er allt uppgert og lítur vel út bæði að utan og innan.

Óskað er eftir tilboðum í húsið.

*Sjá nánari upplýsingar um eignina og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasölu: fasteignsnae.is*  
*Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf unnin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.*

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness  
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.  
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is  
Heimasíða: fasteignsnae.is



**HOBBITINN**

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

**PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA**  
Aflsláttur á Bland í poka á laugardögum

 **Aðalflutningar**  
Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu inni í porti gamla frystihússins

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.  
Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613



## Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

# Hrútasýning



28. október var haldin héraðssýning á lambhrútum í vesturhólfi Snæfellsness, sýningin var haldin á Hjarðarfelli. Keppt var í 3 flokkum hyrndir, kollóttir og mislitir. Í flokki hyrndra vann hrútur í eigu Eggerts Kjartanssonar frá Hofstöðum, hrútur þessi var með 85,5 stig. Í flokki kollóttra vann hrútur frá Hjarðarfelli, er þar á ferð 86,5 stiga hrútur algjört kjötfjall og einn ef ekki sá hæðsstigaði lambhrútur á vesturlandi. Í flokki mislitra vann svartur hrútur í eigu Valgeirs Magnússonar Grundarfirði var þessi hrútur með 84.5 stig.

Þessi sýning var styrkt

myndarlega með glæsilegum verðlaunum sem gefin voru af Yara, Vélaborg ehf, Verslunin Blómsturvellir Hellissandi og Narfeyrarstofu Stykkishólmi sem veitt voru þremur efstu hrútum í öllum flokkum.

Þetta er í fyrsta sinn sem haldin er héraðssýning á lambhrútum á Snæfellsnesi, en áður hafa verið haldnar sýningar á veturgömlum hrútum en þeim sýningum var hætt 1996.

Fengin var dómari frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, ráðunauturinn Lárus G. Birgisson

Mynd tók Jóhannes Eyberg Ragnarsson.



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness

**fasteignsnae.is**

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.

löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

allt hefur áhrif  
einkum við sjálf

## Göngudagur fjölskyldunnar

Næstkomandi laugardag, 11. nóvember, mun Lýðheilsuhópurinn í Snæfellsbæ standa fyrir gönguferð fyrir alla fjölskylduna. Lagt verður af stað frá íþróttahúsinu í Ólafsvík kl. 11. Áætlað er að gangan taki eina til tvær klukkustundir. Komum saman og gerum okkur glaðan dag með börnunum okkar. Boðið verður upp á hressingu.



Vonumst til að sjá sem flesta

Lýðheilsuhópurinn

KB BANKI



KB-banki hefur opnað þjónustu- og ráðgjafaskrifstofu að Ólafsbraut 34 í Snæfellsbæ, sími 444 8990.

Opið alla þriðjudaga 12.15 - 16.30.

# Pólski Þjóðhátíðardagurinn

Laugardaginn 11. nóvember verður hátíð í Röst Hellissandi í tilefni Þjóðhátíðardags Pólverja. Á dagskrá verður söngur, tónlist, pólskur hátíðarmatur og dansleikur. Húsið opnað kl. 20.00 og dagskrá hefst kl. 20.30. Sætaferð er frá Skelinni í Ólafsvík kl. 19.45 og farið verður í Rif og til baka að skemmt-

un lokinni. Verð miða er 2.500, nokkrir miðar eru enn lausir og verða þeir til sölu hjá Esso Hellissandi, Leif í síma 897-6291 og Péttri í síma 893-4718. Ekki verður selt sér á dansleikinn. Allir velkomnir.

Undirbúningshópurinn

## KÆLIVER EHF

**Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906**  
**Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310**  
**Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100**

## GETRAUNIR

Áskorendaleikur þegar Jökull fór í sumarleyfi kepptu Ólafur Bjarnason SH og Sólar sport og enduðu báðir með 8 rétta. Þetta heiðursfólk keppti aftur, og þá var Ólafur Bjarnason SH með 11 rétta og Sólar sport með 11 rétta. Næsta laugardag munu þessi fyrir-

tæki keppa í þriðja sinn og verður fróðlegt að sjá hvernig fer. NÝR SÖLUSTAÐUR verður á skrifstofu félagsins í gamla frystihúsinu, opið frá 10.30 til 13.00. Hvetjum fólk til að mæta, kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.

Stjáni Tótu.



## Félagsstarf eldri borgara

heldur sinn árlega

## Jólabasar

**sunnudaginn 12. nóvember**  
**kl. 16 í Klifi**

**Margt eigulegra muna, kökur ofl.**

**Einnig í boði heitt súkkulaði,**  
**vöfflur og rjómi á kr. 500,-**



nefndin

**Þín verslun**

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
meil. kassinn@thinverslun.is

## Soðning



Dvalarheimilið Jaðar í Snæfellsbæ fagnaði á dögunum 20 ára rekstrarafmæli. Margt góðra gesta litu við og margar veglegar gjafir gefnar í tilefni tímamótanna.

Sérstaka athygli vakti gjöf Fiskiðjunnar Bylgju hf. en eigendur og starfsmenn Bylgju færðu Jaðri gjafabréf upp á hálf tonn af ýsuflokum sem er u.þ.b. ársneysla heimilins af soðningunni góðu.

Fiskiðjan Bylgja er samt í engu að finna upp hjólið með þessari matargjöf því að víða er þessi háttur hafður á með einhverju móti. Gjöfin er hins vegar yfirlýsing um að Fiskiðjan Bylgja vill leggja sitt að mörkum til að dvalarheimilinu verði tryggður aðgangur að fyrsta flokks fiskmeti þrátt fyrir annars naumt skammtaðan fjárhag af hendi hins opinbera. Flestir íbúa Jaðars hafa lagt til áratuga vinnu og strit við uppbyggingu sjávarútvegs og landbúnaðar

sem fyrirtækin byggja á í dag og þess vegna er það verðugt að fyrirtæki sem eru þokkalega rekin sjái til þess að aðgengi að fyrsta flokks matvöru verði aldrei fjárhagslegur baggi á rekstri dvalarheimila aldraðra. Gjafabréf Bylgju er þannig ákveðin áskorun til annarra matvöruframleiðenda að íhuga svipaðar gjafir á sínum starfssvæðum

Vonda vísu víst um fær  
Veit mér glóð í blóðið  
gorgeir mér í brjósti slær  
get ég fengið hljóðið

Gömlum manni gagnmerkum  
Gef ég glaður ýsu  
Vita gagnslaus að verkum  
vonda kveð enn vísu

Gömul kona kenndi mér  
Kann þó ekki eða  
Á réttu röngu handa þér  
Réttu vísu að kveða

## Smáauglýsingar

### Til leigu

er stór íbúð að Snæfellsási 1, efri hæð, Hellissandi 102 m<sup>2</sup>, fjögur svefnherbergi. Leigist á 68.000. Til leigu er stór íbúð, að Hárfi 13, Rífi, þrjú svefnherbergi, 109 m<sup>2</sup> íbúð ásamt 32 m<sup>2</sup> bílskúr, leigist á 65.000. Báðar lausar strax.  
Einnig til leigu 56 m<sup>2</sup> bílskúr í Ólafsvík.  
Upplýsingar í síma 8963867 Kristján.



Pólski Þjóðhátíðardagurinn  
11.november 2006



Dzien Niepodległości  
11.listopad 2006



Laugardaginn 11.nóvember verður haldinn hátíð í Röst Hellissandi í tilefni Þjóðhátíðardags Pólverja.

Á dagskrá verður söngur, tónlist, pólskur hátíðarmatur og dansleikur. Húsið verður opnað kl.20:00 og dagskrá hefst kl.20:30.

Sætaferð verður frá Skelinni í Ólafsvík kl.19:45 og farið verður í gegnum Rif og til baka að skemmtun lokinni.

Nokkrir miðar eru enn lausir og verða þeir til sölu hjá Esso á Hellissandi. Einnig hjá Leif í síma 8976291 og Péttri í síma 8934718.

Ekki verður selt sér á dansleikinn.

Allir velkomnir.

Dnia 11 listopada w Röst w Hellissandur odbędzie się uroczystość z okazji Polskiego Dnia Niepodległości.

W programie przewidywane są tradycyjne potrawy, zabawa przy polskiej muzyce i inne atrakcje. Bilety wciąż sprzedaje Pétur 8934718, Leifur 8976291; również do nabycia w Esso w Hellissandur.

Cena 2.500kr. Bilety nie będą sprzedawane przy wejściu.

Otwarcie Röstu godz.20:00, przewidywane rozpoczęcie imprezy godz.20:30.

Autobus będzie dowoził na miejsce. Wyruszy spod Skeljungur w Ólafsvík o godz.19:45, przez Rif i do Hellissandur.

Po zakończeniu imprezy również będzie transport.

Serdecznie zapraszamy

INGJALDSHÓLSKIRKJA

SUNNUDAGINN 12. OKTÓBER

**GUÐSPJÓNUSTA  
OG  
SUNNUDAGASKÓLI  
KL. 11:00.**

Komum saman í kirkjunni til fyrirbænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur



Ólafsvíkirkirkja

**Sunnudagaskóli**

sunnudaginn 12. nóvember kl. 11.00

**Mömmumorgnar/foreldramorgnar**

alla fimmtudagsmorgna milli kl. 10.00 og 12.00.

**Bænastundir**

öll miðvikudagskvöld kl. 18.00.

Sóknarprestur

